



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# DEBUSSY, OG PROKOFIEV

19. SEPTEMBER  
2019



---

# VELKOMIN

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.**

**Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.**

**Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á [ruv.is](http://ruv.is).**

**Áætluð tímalengd:**

Síðdegi skógarpúkans: 10'

Fiðlukonsert: 32'

Sinfónía: 42'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.facebook.com/sinfó)



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNeyTID



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

**TVG-ZIMSEN**

Aðalstyrktaraðili

**GAMMA**

FIM 19 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# DEBUSSY OG PROKOFÍEV

---

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Roderick Cox**  
hljómsveitarstjóri

**Benjamin Beilman**  
einleikari

---

---

## EFNISSKRÁ

Claude Debussy  
**Forleikur að Síðdegi skógarpúkans** (1894)

Jennifer Higdon  
**Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit** (2008)  
1726  
Chaconni  
Fly Forward

## Hlé

Sergej Prokofiev  
**Sinfónía nr. 5 í B-dúr, op. 100** (1944)  
Andante  
Allegro moderato  
Adagio  
Allegro giocoso

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:  
**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**



---

# RODERICK COX

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**B**andaríski hljómveitarstjórinn Roderick Cox hlaut Georg Solti-verðlaunin árið 2018 og gegndi starfi aðstoðarstjórnanda hjá Minnesota-hljómveitinni frá 2016–2018. Hann var áður aðstoðarstjórnandi við Sinfóníuhljómveitina í Alabama.

Stjarna Cox hefur risið hratt síðustu ár. Hann vakti fyrst verulega athygli þegar hann hlaut Robert J. Harth hljómveitarstjóraverðlaunin á Aspen-tónlistarhátiðinni árið 2013, og hann var í fyrra valinn sem einn af fjórum þátttakendum á meistaranámskeiði í hljómveitarstjórn sem Daniele Gatti hélt með Concertgebouw-hljómveitinni í Amsterdam. Hann hefur meðal annars stjórnað Cleveland-hljómveitinni og Fílharmóníusveit Los Angeles og hefur einnig stjórnað óperum við Houston Grand Opera, m.a. *Perluköfurunum* eftir Bizet. Þá hefur hann stjórnað Sinfonia Varsovia í Varsjá og Skosku BBC-hljómveitinni.

Á yfirstandandi tónleikaári mun Cox meðal annars stýra Orchestre de Paris, Fílharmóníuhljómveitinni í Dresden og Sinfóníuhljómveitinni í Kristiansand, auk þess sem hann stjórnar fjölskyldutónleikum hjá Fílharmóníusveitinni í New York. Þetta eru fyrstu tónleikar Roderick Cox á Íslandi.



---

# BENJAMIN BEILMAN

## Einleikari

**B**enjamin Beilman er fæddur í Bandaríkjunum árið 1989. Hann hefur hlotið frábæra dóma fyrir túlkun sína, meðal annars í *New York Times* og *Strad*-tímaritinu, sem kallaði flutning hans „hreina ljóðrænu“. Beilman hefur undanfarið komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveitunum í Detroit, Houston, Orgeon og Indianapolis, auk þess að leika með Sinfóníuhljómsveitinni í Sidney í Ástralíu og Skosku kammersveitinni. Hann hefur einnig haldið einleikstónleika meðal annars í Carnegie Hall og Lincoln Center í New York, Kennedy Center í Washington D.C., Fílharmóníunni í Berlín, Concertgebouw í Amsterdam og Wigmore Hall í Lundúnum.

Beilman hefur einnig leikið einleik og stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni í Vancouver, og lék nýverið í fyrsta sinn í Fílharmóníunni í Köln ásamt Ensemble Resonanz. Þá hefur hann leikið með Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham og flutt *Árstíðirnar fjórar* eftir Vivaldi undir stjórn Richards Egarr. Framundan eru m.a. tónleikar með Dönsku útvarps-hljómsveitinni og Kammersveit Lundúna þar sem hann mun bæði stjórna og leika einleik. Þá mun hann flytja fiðlukonsert Beethovens með Budapest Festival Orchestra til að minnast þess að 250 ár verða liðin frá fæðingu tónskáldsins á næsta ári.

Beilman hóf fiðlunám fimm ára gamall og hélt áfram námi hjá Almitu og Roland Vamos í Chicago, og nam síðar við Curtis Institute í Philadelphiu. Beilman hreppti fyrstu verðlaun í Young Concert Artists keppninni árið 2010 og í framhaldi af því fór ferill hans á flug. Hann hlaut Avery Fisher-verðlaunin og plötusamning hjá Warner Classics. Á fyrsta geisladiski sínum, sem fékk frábæra dóma, leikur hann verk eftir Schubert, Janáček, Stravinskíj og Kreisler. Beilman leikur á „Engleman“-Stradivarius fiðluna sem smíðuð var árið 1709.



# CLAUDE DEBUSSY

## FORLEIKUR AÐ SÍÐDEGI SKÓGARPÚKANS

Í árslok 1890 kynntist hinn 28 ára gamli Claude Debussy (1862–1918) skáldinu Stephane Mallarmé, sem var ásamt Paul Verlaine fremsta symbolistaskáld franskar ljóðagerðar. Debussy og Mallarmé hittust um skeið vikulega á svokölluðu „salon“ ljóðskáldsins, þar sem listamenn úr hinum ýmsu greinum ræddu sameiginleg áhugamál. Mallarmé átti hugmyndina að því að hið unga – og að mestu óreynda – tónskáld semdi tónlist við ljóð sitt, *L'Après-midi d'un faune* (ort 1865, fyrst gefið út 11 árum síðar), sem á sínum tíma vakti athygli fyrir draumkennda erótík og torskiðið myndmál. Í ljóðinu lýsir Mallarmé dagdraumum skógarpúka, goðsagnakenndrar veru sem er hálfur maður og hálf geit. Á heitum sumardegjum kemst púkinn í kynni við fagar skógardísir. Púkinn gerist ástleitinn en þótt honum takist stundum að smella kossi á dísirnar fögru renna þær honum ávallt úr greipum.

Hinn draumkenndi tónn sem Mallarmé sló í kveðskap sínum fann samhljóm í tónsmíð Debussys. Tilvísanir kvæðisins í tónlist spilltu heldur ekki fyrir, en skógarpúkinn dregur upp flautu á milli þess sem hann reynir að draga dísir skógarins á talar. Tónlistin er margræð og erfitt að festa hendur á ákveðinni tóntegund eða hefðbundnum hljómagangi. Þetta er eitt megineinkenni verksins og í því fólust áhrif þess á þróun tónlistar á 20. öld. „Þessu átti ég alls ekki von á,“ hrópaði ljóðskáldið Mallarmé eftir að hafa heyrt Debussy leika verkið á píanó skömmu fyrir frumflutninginn í desember 1894. Pierre Boulez komst eitt sinn svo að orði að með smástígru flautulínunni í upphafi verksins hafi tónlist 20. aldar litið dagsins ljós.

Með frumflutningnum komst Debussy í framvarðasveit nýrrar tónsköpunar og hið nýstárlega verk vakti harðar deilur eins og við var að búast. Camille Saint-Saëns var meðal þeirra sem hneyksluðust: „Að kalla þetta tónverk er sambærilegt við að kalla litaspjald málarans fullgert málverk.“ Louis Elson komst skemmtilega að orði í gagnrýni sinni eftir flutning verksins í Boston 1904: „The faun must have had a terrible afternoon.“ Það varð svo til að bæta gráu ofan á svart þegar rússneski ballettstjórinn Sergei Diaghilev setti á svið ballettuppfærslu af *Skógarpúkanum* árið 1912, með dönsum eftir hinn víðfræga Vaslav Nijinskíj. Erótískur dans Nijinskíjs þótti ganga út yfir öll velsæmismörk, og frumflutningurinn var *succès de scandale* rétt eins og uppfærsla sama hóps á *Vorblóti* Stravinskíjs ári síðar.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Síðdegi skógarpúkans hljómaði nokkrum sinnum á öldum ljósvakans áður en Sinfóníuhljómsveit Íslands varð til. Þá var þýðing heitisins raunar nokkuð á reiki og var stundum talað um „Kvöld skógarpúkans“. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið fyrst undir stjórn Olavs Kjelland í Þjóðleikhúsinu 1955 en síðan hefur það hljómað átta sinnum í flutningi hljómsveitarinnar og meðal stjórnenda voru aðalhljómsveitarstjórnarnir Jean-Pierre Jacquillat (1973 og 1980) og Yan Pascal Tortelier (2017). Einnig má geta þess að ballettflokkur undir stjórn Jerome Robbins, „Ballets: U.S.A.“, dansaði Síðdegi skógarpúkans í Þjóðleikhúsinu árið 1959 og vakti sá flutningur mikla athygli.



# JENNIFER HIGDON

## FIÐLUKONSERT

Jennifer Higdon (f. 1962) er eitt fremsta samtímatónskáld Bandaríkjanna. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín, meðal annars Pulitzer-verðlaunin 2010 fyrir fiðlukonsertinn sem hljómar í kvöld, Grammy-verðlaun 2010 fyrir slagverkskonsert sinn og aftur árið 2018 fyrir víólukonsert. Verk Higdon eru flutt nokkur hundruð sinnum á ári hverju og þau hafa verið hljóðrituð á yfir 60 geisladiskum. Tónsmíð hennar, *blue cathedral*, er eitt mest flutta hljómsveitarverk bandaríksks samtímatónskálds á heimsvísi; það hefur samtals verið leikið oftar en 500 sinnum á tónleikum. Fyrsta ópera Higdon, *Cold Mountain*, hlaut þjóðlegu óperuverðlaunin (International Opera Award) fyrir besta heimsfrumflutning og hljóðritun verksins hlaut tvær tilnefningar til Grammy-verðlauna. Higdon er prófessor í tónsmíðum við The Curtis Institute of Music í Fíladelfíu og hefur verið staðartónskáld við Fíladelfíu-hljómsveitina og Sinfóníuhljómsveitina í Pittsburgh. Tónlist hennar er gefin út hjá forlaginu Lawdon Press.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur verk eftir Jennifer Higdon og frumflutningur á Íslandi á fiðlukonsertinum. Smærri verk hennar hafa hljómað nokkrum sinnum hér á landi, meðal annars á tónleikum Elektra Ensemble og Duo Harpverk á Kjarvalsstöðum árið 2013.

Fiðlukonsertinn samdi Higdon árið 2008 og lögðu fjórar stofnanir fé til verksins: Sinfóníuhljómsveitirnar í Indianapolis, Toronto og Baltimore, og Curtis Institute of Music. Konsertinn er sérstaklega saminn fyrir fiðlusnillinginn Hilary Hahn, sem sótti námskeið í tónlist 20. aldar hjá Higdon þegar hún stundaði nám við Curtis-tónlistarháskólann og vakti aðdáun kennarans fyrir áhuga sinn á nýrri tónlist. Yfirskrift fyrsta kafla er nokkuð óvenjuleg: *1726* virðist við fyrstu sýn vera ártal, en það er tilvísun í heimilisfang The Curtis Institute of Music: 1726 Locust Street. Tónlistin er kraftmikil og lagrænir eiginleikar fiðlunnar eru mjög í forgrunni. Higdon tekur húsnúmerið bókstaflega og því eru megintónbil þáttarins einundir, sjöundir, tvíundir og sexundir. Miðkaflinn er sjakonna eða *chaconne*: tilbrigði um hljómagrind sem endurtekin er í sífellu. Hér heyrast nokkrar slíkar hljómaraðir (sbr. fleirtölumyndina í yfirskrift þáttarins) og allar bjóða þær upp á ljóðrænt samspil einleikara og meðlima hljómsveitarinnar. Lokakaflinn, *Fly Forward*, er eins konar spretthlaup í tónum. Higdon segir sjálf að þegar hún samdi tónlistina hafi hún séð fyrir sér Hilary Hahn á hardaspretti á hlaupabraut á Ólympíuleikum, og satt er það að einleikarinn þarf að hafa sig allan við til að koma leifturhröðum tónarunum þáttarins til skila.



# SERGEJ PROKOFÍEV

## SINFÓNÍA NR. 5

**Á** meðan síðari heimsstyrjöldin geisaði var Sergej Prokofiev (1891–1953), líkt og öðrum fremstu tónskáldum Sovétríkjanna, komið fyrir í Ivanovo, borg sem liggur um 200 kílómetra norðaustur af Moskvu. Sumarið 1944 voru þar saman komnir auk Prokofíevs þeir Shostakovitsj, Kabalevskij og Míaskovskij, og þar gafst þeim betra næði til tónsmíða en í stríðshrjáðu stórborgunum Leníngrad og Moskvu. Prokofíev kvað hafa verið iðnastur þeirra allra í útleigðinni. Þegar sumri tók að halla hafði hann samið áttundu píanósónötu sína, gengið frá ballettinum *Öskubusku* í hljómsveitarútgáfu og samið fimmtu sínfóníuna að mestu. Sextán ár voru liðin frá því að síðast hafði verið frumflutt sínfónía eftir Prokofíev. Frumflutningur þeirrar fimmtu, á tónleikum í Konservatoríinu í Moskvu 13. janúar 1945, var í síðasta sinn sem Prokofíev kom opinberlega fram sem hljómsveitarstjóri. Hann var um það bil að að ganga á svið þegar tilkynnt var að Fyrsta úkraínska herdeildin hefði brotið varnir Þjóðverja á bak aftur. Áður en flutningurinn hófst var því skotið af fallbyssum í fagnaðarskyni og eflaust hefur andrúmsloftið átt sinn þátt í að sínfónían varð einn mesti listasigur Prokofíevs í heimalandi sínu.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur átta sinnum áður flutt fimmtu sínfóníu Prokofíevs, fyrst undir stjórn Sverres Bruland árið 1972. Síðan hafa stjórnæð sínfóníunni þeir James Blair (1977), David Robertson (1986), Osmo Vänskä (1993), Bernharður Wilkinson (2001), Philippe Entremont (2003), Rumon Gamba (2009) og Markus Poschner (2014).

Hann naut gleðinnar ekki lengi. Aðeins nokkrum dögum síðar hrasaði hann og fékk heilahristing – við rannsókn kom á daginn að hann þjáðist af of háum blóðþrýstingi – og hann náði aldrei fullri heilsu á ný. Árið 1948 hlaut hann opinbera fordæmingu hjá menningarpáfum Sovétríkjanna fyrir alþýðufjandsamlegan „formalísma“ í verkum sínum. Ólíkt öðrum fórnarlömbum þeirra árása, til dæmis Shostakovitsj, lifði Prokofíev það ekki að sjá nafn sitt hreinsað. Verk hans voru sjaldan leikin eftir þetta og þegar hann lést 5. mars 1953 var hann bugaður maður. Ógæfan virtist elta hann í dauða ekki síður en í lífi. Klukkustund eftir að Prokofíev féll frá lést Jósef Stalín og andlát hins mikla leiðtoga kommúnismans skygðði svo að segja algjörlega á lát eins mesta tónsnillings 20. aldarinnar. Þegar aprílhefti tónlistarblaðsins *Sovietskaya Muzyka* kom út var minningargreim um Stalín á forsiðu, en smáklausu um andlát Prokofíevs var að finna á síðu 117.

Ekki kemur á óvart að fimmta sínfónían skuli hafa vakið hrifningu við frumflutninginn. Hér er tónskáldið í eðalformi. Fyrsti kaflinn er í sönötuformi og er borinn uppi af tveimur stefjum. Þótt bæði hljómi vel við fyrstu heyrn er eins og Prokofíev vilji ekki gefa of mikið uppi strax í byrjun, heldur



halda þau áfram að vaxa og þróast eftir því sem líður á kaflann. Allt tónefnið er skoðað í nýju ljósi í úrvinnslukaflanum, en að honum loknum heyrir upphafsstefið leikið þrumusterkt, *fortissimo*, af málmblásurum – í lúðrasveitarstíl og með ómstríðum hljómaundirleik. Niðurlagið er enn ein hugleiðingin um upphafsstefið, og nær tvisvar glæsilegum hápunkti.

Annar kaflinn er *scherzo* og er meginuppstaða hans tónlist sem upphaflega var ætluð í ballettinn *Rómeó og Júlíu* (1935–36). Kaflinn er fremur í anda þess sem Prokofiev fékkst við á þriðja og fjórða áratugnum, tónlistin einkennist af kaldhæðni, galskap og trúðslátum. Hægi kaflinn er alvörugefinn, fagurt en tregafullt stef tréblásara með stuðningi strengja. Miðkaflí þáttarins hefur yfir sér enn dekkra yfirbragð og minnir jafnvel á útfararmars. Lokakaflinn hefst á innhverfum nótum en skyndilega er hæglátum hugleiðingunum svipt í burtu. Það sem eftir lifir verksins leikur Prokofiev við hvern sinn fingur og spennan eykst með hverjum takti allt fram að lokahvellingum.

*Árni Heimir Ingólfsson*

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

19. SEPTEMBER 2019

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Laura Liu  
Andrzej Kleina  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Pascal La Rosa  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Justyna Bidler  
Rósa Hrunð Guðmundsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir

## 2. FIÐLA

Benedikte Damgaard  
Roland Hartwell  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Christian Diethard  
Ingrid Karlsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Ísak Rikharðsson  
Hlín Erlendsdóttir  
Þórdís Stross  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Gregory Aronovich  
Kathryn Harrison  
Guðrún Hrunð Harðardóttir  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Łucja Koczoł

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Margrét Árnadóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Bryndís Björgvinsdóttir

## BASSI

Xun Yang  
Jacek Karwan  
Richard Korn  
Hávarður Tryggvason  
Þórir Jóhannsson  
Páll Hannesson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## KLARÍNETT

Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson  
Margreet Houtman  
Helga Björg Arnardóttir

## FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir  
Britta Cortabarría  
Brjánn Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson

Frank Hammarin  
Joseph Ognibene

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Ásgeir Steingrímsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Matthew Tutsky

## PIANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Frank Aarnink

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Soraya Nayyar  
Pétur Grétarsson  
Kjartan Guðnason  
Helgi Þorleiksson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*  
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*  
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Júlía Aradóttir *fulltrúi*

## Á DÖFINNI



**SBS 22** SEP 17:00

### 10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR UNGSVEITAR SÍ ÓÐURINN TIL GLEÐINNAR

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 og hefur síðan verið meðal máttarstólpa hljómsveitarstarfs fyrir ungt tónlistarfólk hér á landi. Á hverju ári hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Ungsveitarinnar og náð undra-verðum árangri. Ungsveit SÍ var valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2017. Í tilefni af tíu ára afmæli Ungsveitarinnar verður efnt til glæsilegra hátíðartónleika þar sem Níunda sínfónía Beethovens verður flutt með úrvalslíði ungra einsöngvara og æskukóra. Það verður mikilfengleg sjón að sjá yfir 200 íslensk ungmenni taka höndum saman um að flytja þetta magnaða verk og ekki síst lokaþáttinn, sjálfan *Óðinn til gleðinnar*. Hljómsveitarstjóri er Daniel Raiskin.



**FIM 26** SEP 19:30

### SÆUNN OG SHOSTAKOVITSJ

Dramatísk örlög og frelsisþrá eru leiðarstef í kraftmiklum verkum Beethovens og Shostakovitsj sem hljóma á þessum tónleikum. Beethoven samdi forleik sinn við leikritið *Egmont* eftir Goethe og Shostakovitsj samdi fimmtu sínfóníu sína um það leyti sem ofsóknir Stalíns stóðu sem hæst. Sellókonert Haydns er gleðin og léttværdin uppmáluð. Á tónleikumunum verður frumflutt ný einleikskadensa sem Anna Þorvaldsdóttir, staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitarinnar og sjálf menntaður sellóleikari, hefur samið við konsertinn sérstaklega af þessu tilefni. Einleikari er Sæunn Þorsteinsdóttir og Karina Canellakis mundar tónsprotann.



**FIM 10** OKT 19:30

### BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ

Á þessum tónleikum hljóma tvö stórbrotin meistaraverk tónlistarinnar frá síðari hluta 19. aldar. Píanókonert nr. 2 eftir Brahms er eitt hans stærsta og kröfuharðasta verk. Sjötta sínfónían var síðasta verk Tsjajkovskíjs, sem andaðist níu dögum eftir frumflutninginn. Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hann hefur hljóðritað yfir 50 geisladiska og hlotið átta Gramophone-verðlaun. Hin suður-kóreska Han-Na Chang hóf feril sinn sem sellóleikari, var nemandi Rostropovitsj og lék einleik með mörgum helstu hljómsveitum heims. Hún hefur á síðustu árum snúið sér að hljómsveitarstjórn með frábærum árangri.



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og **gott ástarsamband**, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)